

## Formannafundur Krabbameinsfélagsins

á Teams 19. febrúar 2026

**Mættir:** Ágústa Kristín Grétarsdóttir – Krabbameinsfélag Suðurnesja, Ásgerður Arnardóttir – Krabbameinsfélag S.-Þingeyinga, Dalla Þórðardóttir – Krabbameinsfélag Skagafjarðar, Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir – Krabbameinsfélag Árnessýslu, Guðmundur Oddgeirsson – Krabbameinsfélagið Framför, Guðmundur Páll Ásgeirsson – Krabbameinsfélagið Framför, Hafdís Brynja Guðmundsdóttir – Krabbameinsfélag Borgarfjarðar, Hólmfríður Sigurðardóttir – Krabbameinsfélagið Framför, Hrefna Eypórsdóttir – Krabbameinsfélag Austfjarðar og Brakkasamtökin, Marta Kristín Jónsdóttir – Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis, Sólveig Ása Tryggvadóttir – Kraftur, Thelma Elísabet Hjaltadóttir – Krabbameinsfélagið Sigurvon, Vala Smáradóttir – Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, Þórunna M. Sigurbergisdóttir – Krabbavörn Vestmannaeyjum, frá Krabbameinsfélaginu, Árni Reynir Álfreðsson, Ása Sigríður Þórisdóttir, Rakel Ýr Sigurðardóttir og Halla Þorvaldsdóttir.

### Fundargerð

**1. Setning fundar: Hlíf Steingrímsdóttir, formaður KÍ.**

Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri KÍ býður fólk velkomið og skilar kveðju frá Hlíf sem komst því miður ekki á fundinn. Hún fer stuttlega yfir dagskrá fundarins og lætur vita af því að aðalfundur félagsins verður 9. maí og í tengslum við hann verður formannafundur.

**2. Starf KÍ fram á veginn: Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri KÍ**

Halla fer yfir starf félagsins og fer yfir að í ár á félagið 75 ára afmæli og verður lögð áhersla á að kynna starfsemi félagsins betur. Stefnt er á afmælisviðburði yfir árið og aukið hefur verið í fréttaskrif um starfsemi félagsins. Stofnaður hefur verið Framfarasjóður sem á að efla þjónustu við þá sem greinast með krabbamein. Stuðningur og ráðgjöf er orðin mjög vel mönnum og á síðasta ári voru um 1400 manns sem nýttu sér þjónustuna. Starfsfólk er staðsett bæði í Skógarhlíð og á Glerárgötu á Akureyri.

Félagið styður við vísindarannsóknir og er umsóknarfrestur í Vísindasjóð 2. mars. Verið er að finna úr gögnum úr Lífsgæðarannsókninni og stöðugt er verið að bæta framsetningu gagna á heimasíðu Krabbameinsfélagsins.

Forvarnir eru mjög mikilvægur liður í starfi félagsins. Heilbrigðisráðherra er með áform um að stíga fastar til jarðar í tengslum við tóbaksnotkun.

### **3. Mottumars 2025, inntak vitundarvakningar, sokkasýning og framkvæmd: Árni Reynir Alfreðsson, forstöðumaður markaðsmála og fjáröflunar hjá KÍ.**

Árni Reynir byrjar á að fara yfir lykildagsetningar í Mottumarsátakinu, hvenær sokkar fara í sölu og mottumarsdagurinn sem verður 19. mars. Næst fer hann yfir hverjir hönnuðu sokkana, inntak auglýsinganna og skilaboð Mottumars. Að lokum minnir hann á að aðildarfélögum stendur til boða að nota kynningarefni KÍ.

### **4. Starf aðildarfélaga fram á veginn: Fulltrúar aðildarfélaga kynna málefni sem eru efst á baugi.**

**Krabbameinsf. Borgarfjarðar** – Aðalfundur félagsins verður 18. mars og haldinn í Snorrastofu í Reykholti. Í tengslum við fundinn verður boðið upp á bláa göngu fyrir fundinn og fræðsluerindi frá KÍ. Félagið fékk birt fréttaskot í Skessuhorni til að kynna starfsemi sína. Þau hafa sett upp þrjár merktar gönguleiðir sem hafa það að markmiði að hvetja fólk til að gera reglulega hreyfingu að venju. Við gönguleiðirnar voru sett upp merki með Mottumarskeggi og húfu, með hvatningu til fólks að heita á félagið. Félagið fékk heilsulausnir til að fara með fyrirlestra í skóla í Borgarnesi þar sem fjallað var um áhrif orkudrykkja á svefn. Félagið bjó til bækling sem liggur víða frammi.

**Krabbameinsf. Suðurnesja** – Aðalfundur félagsins verður 8. maí.

Kvennahittingar byrjuðu í haust sem hafa tekist vel en einnig var byrjað með karlahittinga. Félagið stendur fyrir Mottumarshlaupi 24. mars, páskaföndri og Zumba-tímum.

**Brakkasamtökin** – Aðalfundur félagsins var í janúar og á sama tíma var boðið upp á fræðslu frá kvensjúkdómalækni. Jafningastuðningur er að verða að föstum lið hjá félaginu. Félagið er í virkri hagsmunagæslu og er núna meðal annars að vinna að því að kostnaður vegna ferðalaga verði takmarkaður. Félagið er í samtali við Heilbrigðisráðuneytið í tengslum við fósturgreiningar. Félagið er að fara með kynningarfundum vestur og norður í vor.

**Krabbameinsf. Austfjarða** – Mikið starf er í gangi, styttist í hvíldarhelgina, Mottumars, aðalfundurinn í mars og stefnt er á að vera með annaðhvort Mottumarshlaup eða ípróttatíma. Félagið ætlar að bjóða upp á skíðakennslu eins og síðustu tvö ár, mottumarsmessu og mottumarsgöngu. Fyrirtæki og vinnustaðir eru farnir að óska eftir fræðsluerindum í mars. Hrefna minnir einnig á að boð um

kjóla til að standa fyrir kjólasölu sé með um 200 kjóla. Hún fer yfir samning sem félagið hefur gert við bílaleiguna Höld og lætur vita að Höldur sé tilbúið að gera eins samninga við önnur aðildarfélög. Raket sendir upplýsingar til félaga.

**Krabbameinsf. Árnassýslu** – Í janúar var byrjað með aðstandendasamveru sem verður einu sinni í mánuði og Perlað með krafti var líka. Karlahópur byrjaði með stæll, hittingurinn gekk mjög vel og stefnt er á að hittast aðra hverja viku. Félagið hefur boðið sínum félagsfólki upp á ljósmyndakennslu fyrir félagsmenn. Áfram verður opið hús og endurhæfingarárópur á sjúkrahjálfunarstöð. Í boði hjá félaginu er yoga og næringarráðgjöf, sálfræðiviðtöl, iðja og ýmis námskeið. Í mars mun Matti Oswald koma með fyrirlestur, taka þátt í mottumars og kótelettukvöldið verður haldið. Í vor er stefnt á vörgöngu, golfkennslu og vorferð áður en fólk fer í sumarfrí.

**Krabbameinsf. Akureyrar og nágrennis** – Það er fullt í gangi hjá félaginu sem hefur loksins flutt í Glerárgötu 24. Þau eru spennt að þróa starfið áfram.

**Krabbameinsf. höfuðborgarsvæðisins** – Félagið var að klára vel heppnaða vitundarvakningu sem var samstarfsverkefni við Kraft, Lífskraft, Ungar athafnakonur og Samhæfingartöð krabbameinsskimana. Inntak herferðarinnar var hvatning til kvenna að mæta í leghálsskimun. Opnuð var síðan Leghalsskimun.is, helsta markmiðið var að skapa umræður og auka mætingu í skimanir. Félagið fann fyrir mikilli umræðu og í langflestum tilfellum var hún jákvæð. Félagið heldur áfram að vinna í hagsmunamálum og hefur núna skilað álitni um tvö frumvörp. Aðalfundur félagsins verður í mars og haldinn verður gönguviðburður í vor. Stóri fókusinn í starfi félagsins í ár eru tóbaksvarnir.

**Kraftur** – Jafningjastuðningur félagsins gengur sinn vana gang að mestu leyti. Félagið var að klára vitundarvakningu sína og þakkar innilega öllum aðildarfélögum fyrir aðstoð og stuðning við perluviðburðina. Verið er að efla strákakraft, það mættu fleiri strákar í kjölfar vitundarvakningarinnar, einnig á að efla aðstandendakraft. Félagið er að skoða að efla fræðslu með gerð hlaðvarps.

**Framför** – Hellirinn er opinn einu sinni í viku og á fundunum er boðið upp á fræðslu. Guðmundur O. og Fríða þýddu stóra könnun á líðan maka sem var kynnt. Framfararfólk er mikið að sækja sér þekkingu, þau voru nýlega í Brussel á stífu námskeiði um það sem er nýjast í sambandi við blöðruhálskirtil og framundan er stefnt á áttak í skimunum. Stefnt er á aðalfund félagsins 1. maí.

**Krabbameinsf. Sigurvon** – Það hefur verið vitundarvakning í sambandi við endurhæfingu og verið er að skoða hvað er í boði. Það er mikil nýliðun í stuðningshópum félagsins. Félagið vonast til að fá fyrirlesara með vorinu, sjötta sumarið þar sem hlaupahópurinn fer af stað og stefna á að skrifa í héraðsmiðlana á svæðinu. Að öðru leyti er starfið svipað og hefur verið.

**Krabbameinsf. Suður-Pingeyinga** – Á Húsavík hafði allt starf félagsins legið niðri en það vantaði stað til að hittast og ræða málið, jafningastuðning. Í kjölfarið myndaðist hópurinn Lóan sem er með aðstöðu hjá kirkjunni. Núna hefur verið skipt um stjórn hjá félaginu, þar sem nýtt fólk kom inn ásamt einni sem ætlar að halda áfram í stjórn. Ný stjórn fer vel af stað og er byrjuð að bjóða upp á hljóðbað og slökun, mottumarsganga verður 19. mars og 24. apríl á að halda upp á afmæli Lóunnar. Félagið lét merkja speglana í sundlauginni til að minna á brjóstaskoðun. Félagið er með fullt af hugmyndum sem stefnt er á að koma í framkvæmd.

## 5. Önnur mál

- a. **Mottumarsvörur og posar:** Rakel Ýr fer yfir það helsta í tengslum við að fá Mottumarsvörur til sölu og lán á posum frá Krabbameinsfélaginu.
- b. **Tengiliður aðildarfélaga við ráðgjafa KÍ:** Rakel Ýr minnir á að öll aðildarfélög hafi aðgang að ráðgjöfum Krabbameinsfélagsins og hvetur þau til að nýta sér það.
- c. Hólmfríður frá Framför hrósar Hörpu fyrir gott erindi hjá félaginu.
- d. Hafdís frá Borgarfirði spyr út í bílastæðamál fyrir utan LSH. KÍ hefur ekki unnið í þessu máli til lengri tíma en á sínum tíma var reynt að vinna í því að fólk í meðferð fengi að leggja frítt við húsnæðið. Nýrnafélagið hefur fengið í gegn að þeirra skjólstæðingar fái að leggja í ákveðin stæði meðan þau eru í meðferð. Halla þakkar fyrir góða ábendingu og nefnir að það þurfi að taka þetta mál aftur upp.
- e. Guðmundur O. frá Framför nefnir að það þurfi að klára vinnu í tengslum við aðildarfélagakerfið og er hann tilbúinn að koma að þeirri vinnu. Hann telur að það vanti ekki mikið upp á til kerfið verði gott.
- f. Hrefna frá Austfjörðum spyr út í stöðuna á krabbameinsáætlun og hvort eitthvað sé nýtt að fréttu með deild krabbameinslækninga. Halla svarar því til að hún þekki ekki til þess að húsnæði sé inni í krabbameinsáætlun.
- g. Ásgerður frá Suður-Pingeyinga bendir á að þeir sem eru í meðferð geti fengið endurgreiðslu á ferðakostnaði en þurfa að láta Tryggingastofnun vita til að fá endurgreiðsluna. Það virðist vera að endurgreiðslurnar séu ekki að gerast sjálfkrafa.

## 6. Fundi slitið